

VERKTAKASAMNINGUR UM SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTU.

Undirritaðir, annars vegar Ísafjarðarbær, kt.540596-2639 í þessum samningi nefndur verkkaupi og hins vegar Sólveig Norðfjörð sálfræðingur, kt.070577-5779 og Björg Norðfjörð sálfræðingur kt.141080-5049, hér eftir nefnd verktakar, gera með sér eftirfarandi verksamning.

1.gr.

Vertakar taka að sér sálfræðiþjónustu fyrir skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar að hámarki 320 tímar hvert skólaár frá tímabilinu 20. ágúst 2023 – 15. júní 2025. Möguleiki er að verktakar taki að sér sérverkefni er varða fræðslu en það reiknast sérstaklega.

2.gr.

Vinnutími verktaka hefst og líkur á flugvelli í Reykjavík, verkkaupi greiðar verktökum 21.953 kr. ,- fyrir hverja vinnustund og miðast sú upphæð launavísitölu 905,6 í desember 2022. Greiðsla tekur breytingum samkvæmt breytingum á launavísitölu 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Fast gjald er greitt fyrir skýrslugerð vegna sálfræðilegrar athugunar sem er 4 – 5 vinnustundir. Skýrslur eru unnar í Reykjavík og önnur skriffinnska sem til þarf (tilvísanir, stofnanir, læknar). Verkkaupi greiðir fyrir og pantar flugfar og gistingu. Þá greiðir verkkaupi dagpeninga sem svarar hálfum degi, dag hvern.

3.gr.

Ef verktakar verða veðurtepptir á Ísafirði fá þeir greiddan biðtímann ef hann er á vinnutíma. Verkkaupi á rétt á að nýta sálfræðiþjónustu verktaka á meðan á biðtíma stendur. Ef ekki er fært flugleiðina frá Ísafirði til Reykjavíkur þegar sálfræðingar eru á heimleið sér Ísafjarðarbær um gistingu og/eða far landleiðina með öðrum eða bílaleigubíl, verktaki fær greiddan helming af ferðatíma. Verkkaupi greiðir fyrir biðtíma vegna tafa frá Reykjavík ef verktakar komast á umsömdum degi en ekki ef ferð fellur niður þann dag. Komi til þess að verktaki aki vestur fær hann tíma í dagvinnu en helming þess tíma sem fer í akstur eftir dagvinnutíma.

4.gr.

Verkkaupi leggur verktökum til starfsaðstöðu í skólum og greiðir ferðir til og frá Ísafirði. Starfi verktakar annars staðar en á Ísafirði greiðir verkkaupi ferðir til og frá þeim stað og telst ökuferðin til vinnutíma – sama á við um ferð til og frá flugvelli.

5.gr.

Samningur þessi tekur gildi 20.08.2023 – 15.06.2025. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur þessa samnings er 3 mánuðir.

6.gr.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit.

Ísafjörður _____

Björg Norðfjörð, sálfræðingur

F.h. Ísafjarðarbæjar

Sólveig Norðfjörð, sálfræðingur